

REGLUGERÐ

um breytingu á og viðauka við reglugerð nr. 51 15. maí 1964,
um gerð og búnað ökutækja o. fl.

1. gr.

Í 1. tölulið 6. gr. breytist ákvæði um mishverf (asymmetrisk) lágljós þannig, að í stað orðsins „hægra“ kemur: vinstra.

2. gr.

Orðin „hægra megin á hjólinu“ í 2. mgr. 23. gr. falli niður.

3. gr.

Í stað „vinstra“ í 1. mgr. 39. gr. komi: hægra.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 og 16. gr. laga nr. 65 13. maí 1966 um hægri handar umferð, öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. kemur þó eigi til framkvæmda fyrr en kl. 6 að morgni 26. maí 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um mishverf lágljós gilda eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

1. Fram til 26. maí 1968 skal heimilt að nota ljósabúnað, með mishverfum lágljósum, sem ætluð eru fyrir hægri umferð, enda séu ljósker þannig útbúin, að límt sé yfir glerið, svo að ljósgeisli lýsi eigi þannig, að brjóti í bága við nügildandi ákvæði.

Álíming skal vera af gerð, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir. Álíming skal framkvæmd af framleiðanda bifreiðar eða ljóskers, eða af öðrum aðila, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir. Álíming skal vera úr þannig efni, að hún haldist óhreyfð fram til 1. maí 1968, og má eigi taka hana af fyrr.

Ef notuð eru álímd ljósker, skulu bæði ljósker vera samstæð.

2. Bifreiðir með mishverf lágljós, sem við aðalskoðun 1968 hljóta fullnaðarskoðun fyrir 1. maí 1968, skulu búnar ljósabúnaði ætluðum fyrir hægri umferð, enda fullnægi hann skilyrðum 1. töluliðar.

3. Frá og með 1. maí 1968 skal heimilt að nota ljósabúnað með mishverfum lágljósum fyrir hægri umferð, án álímingar.

4. Bifreiðir, sem við aðalskoðun 1968 hljóta fullnaðarskoðun eftir 1. maí 1968, skulu búnar ljósabúnaði, sem ætlaður er fyrir hægri umferð.

5. Frá og með 26. maí 1968 og fram að 1. ágúst 1968 skal heimilt að nota ljósabúnað með mishverfum lágljósum fyrir vinstri umferð. Eigi skal þó veita bifreið fullnaðarskoðun nema hún hafi ljósabúnað, sem ætlaður er fyrir hægri umferð.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.